



FRÉTTABRÉF HEIÐARSKÓLA

Desember 2015



Ábm. Bryndís Jóna Magnúsdóttir

Jólastemmning í desember



Notaleg jólastemmning hefur ríkt hjá okkur í desember. Eins og venja er hefur öllum nemendum verið boðið upp á heitt súkkulaði og piparkökur, sungnir hafa verið jólasöngvar á sal og svo hefur að sjálfsögðu verið skreytt og skrifað í jólakort. Í 7.-10. bekk fór í annað sinn fram stofuskreytingakeppni. Virkni, samvinna og gleði eru orð sem lýsa vinnunni sem fór fram þennan dag. Nemendur í 9.ÍS áttu sigurstofuna í ár. Þema stofunnar var aðfangadagskvöld og í orðsendingu frá dómnefnd kom fram að fagaður stíll og einstaklega góð nýting efnis hefði verið sérstaklega áberandi í skreytingum þeirra. Það má með sanni segja að jólaandinn hafi komið sér vel fyrir í skólanum okkar.



Jólaskemmtun og stofujól



Föstudaginn 18. desember verður hin árlega jólaskemmtun í skólanum. Hefðin hefur verið að hafa hana þrískipta en í ár verða allir nemendur saman í íþróttahúsinu. Þar munu nemendur í 7. bekk leika jólaguðspjallið, nemendur flytja söng- og tónlistaratriði og svo verður að sjálfsögðu dansað í kringum jólatréð við undirleik Guðmundar Hermannssonar. Að því loknu fer hver bekkur til sinnar heimastofu og heldur stofujól með umsjónarkennara sínum. **Nemendur eiga að mæta kl. 8.50 í heimastofur og áætlað er að skemmtuninni ljúki um kl. 10.30.**



Jólafrí nemenda hefst að lokinni jólahátíð föstudaginn 18. desember. Skólastarf hefst aftur mánudaginn 4. janúar 2016 samkvæmt stundaskrá.

Starfsfólk Heiðarskóla óskar ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Bókagjöf og boðskapur um betri samskipti og ást gegn hatri

8. nóvember er baráttudagur gegn einelti. Að því tilefni kom Selma Hermannsdóttir, þolandi eineltis, í heimsókn til okkar þriðjudaginn 3. nóvember. Hún sagði nemendum í 5.-10. bekk frá reynslu sinni og því hvernig hún hefur unnið gegn einelti með ást en yfirskrift fyrirlestra hennar er Ást gegn hatri. Frásögn hennar var hnitmiðuð og áhrifarík og ræddu kennarar um boðskap hennar við nemendahópa sína. Um kvöldið þennan sama dag hélt Hermann, faðir Selmu, fyrirlestur fyrir fullum sal foreldra. Hann ræddi m.a. um sýn sína á foreldrahlutverkið, þann samskiptamáta sem hann hefur tamið sér í uppeldishlutverkinu og mikilvægi þess að vera börnum sínum góð fyrirmynd. Hann hefur ávallt haft það að markmiði að gera börnin sín að góðum manneskjum og veita þeim þannig þau verkfæri sem þau þurfa til að takast á við lífið.

Í september afhenti Harpa Lúthersdóttir skólanum fjölda eintaka af bók sinni *Má ég vera memm?* ásamt kennsluleiðbeiningum. Bókin fjallar um einelti í máli og myndum og er hún skrifuð fyrir börn á aldrinum 3 til 9 ára. Sjálf varð Harpa fyrir slæmu einelti á barnsaldri og markaði það svo djúp spor í sál hennar að enn í dag glímir hún við afleiðingar þess. Til að fjármagna þessa rausnarlegu gjöf safnaði Harpa framlögum í verslun hér í bæ. Harpa á mikið hrós skilið fyrir að hafa skrifað og gefið þessa lærdómsríku og fallegu bók út og við erum henni afar þakklát fyrir að hún skuli hafa lagt það á sig að safna fyrir bókagjöfinni handa okkur. Kennarar yngri barna hafa lesið bókina fyrir nemendahópa sína og rætt boðskap hennar auk þess sem nemendur sjálfir hafa bæði skoðað hana og lesið.

Þann 18. nóvember komu þau Magnús Stefánsson og Snædís Birta Ásgeirsdóttir, þolandi eineltis, til okkar með eineltisfræðslu á vegum Marita-verkefnisins. Verkefninu „Þolandi og gerandi - frá sjónarhorni beggja“ er ætlað að auka skilning á einelti, draga úr því og vera verkfæri fyrir bæði kennara og foreldra í forvörnum gegn einelti. Spiluð var leikin heimildarmynd um æsku Páls Óskars Hjálmtýssonar, þar sem hann segir frá því einelti sem hann varð fyrir í grunnskóla frá 7 til 14 ára aldurs. Magnús fór síðan yfir sögu sína sem gerandi og síðar einnig fíkniefnaneytandi en boðskapur hans var áhrifamikill. Snædís Birta sagði loks frá reynslu sinni sem þolandi eineltis og virtust sögur þeirra beggja ekki láta neinn ósnortinn.



Víðavangshlaup Heiðarskóla

Þann 1. og 2. október fór fram víðavangshlaup Heiðarskóla á opna svæðinu á milli Heiðarbóls og Valla. Nemendur gátu valið um að hlaupa 1,1; 2,2; eða 3,3 km. Veittar voru viðurkenningar fyrir 1., 2. og 3. sætið í 3.-10. bekk en nemendur í 1. og 2. bekk fengu bekkjarviðurkenningar. Nemendur á unglingastigi höfðu einnig möguleika á að hreppa titilinn „Ofurhlaupari Heiðarskóla“ en í ár var það Cezary Wictorowicz, nemandi í 10. SS, sem fékk þá nafnbót og bikarinn góða.





Æsispennandi hreystikeppni Heiðarskóla

Skólahreystikeppni Heiðarskóla fór fram í íþróttasal skólans miðvikudaginn 9. desember. Eins og endranær var spennustig keppenda hátt og stuðningur nemenda í 5.-10. bekk góður. Myndarlegur hópur nemenda úr 8., 9. og 10. bekk spreytti sig á hreystiprautunum og stóðu þeir sig allir með stakri þrýði. Fjórir nemendur báru sigur úr býtum og munu þeir líklega skipa Skólahreystilið Heiðarskóla eftir áramót. Sædis Ósk Eðvaldsdóttir sigraði í bæði armbeygjum og hreystigreip. Hún gerði 48 armbeygjur og hékk í 4:34 sekúndur og sló þar með Heiðarskólametið í hreystigreip. Virkilega vel gert hjá Sædisi! Harun Crnaz sigraði keppni í upphífingum en hann gerði 37 upphífingar og Ísak Einar Ágústsson gerði flestar dýfur, 29 talsins. Þar sem aðeins einum keppanda er teflt fram í báðum þessum greinum í úrslitum Skólahreystis var Harun sigurvegari í báðum greinum með betri árangur í þeim samanlögðum. Tveir keppendanna þetta árið voru í Skólahreystiliði Heiðarskóla í fyrra en það voru þau Arnór Sveinsson og Kamilla Sól Viktorsdóttir. Kamilla fór í gegnum hraðaprautina á 55:5 sekúndum og Arnór Sveinsson gerði sér lítið fyrir og bætti sex ára gamalt Heiðarskólamet um rúmar sex sekúndur. Hann fór í gegnum prautina á 49:1 sekúndu þess má til gamans geta að gamli methafinn, Eypór Ingi Einarsson var einn þriggja dómara en allir voru þeir fyrrverandi keppendur okkar. Auk Eypórs sinntu þær Katla Rún Garðarsdóttir og Irena Sól Jónsdóttir dómgæslu. Við óskum öllum keppendum okkar til hamingju með árangurinn!



3. verðlaun í Aðgengi að lífinu!

Þær Birna Valgerður, Eva María, Lovísa Íris og Sædis Ósk hrepptu 3. verðlaun í liðakeppninni Aðgengi að lífinu sem MND félagið á Íslandi og SEM samtökin standa að meðal 10. bekkina á landsvísi.

Verðlaunaafhendingin fór fram í Orkuveitu Reykjavíkur þar sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti verðlaunin. Verðlaunin sem stúlkurnar fengu voru 10.000 kr. fyrir hverja þeirra og gjafabréf fyrir hópinn á Hamborgarafabrickuna.

Verkefnið fól í sér könnun á aðgengi hreyfihamlaðra í nærumhverfi ungmennanna. Tilgangur þess var að efla skilning á aðstæðum hreyfihamlaðra, stuðla að bættu aðgengi hreyfihamlaðra með lausnum og skapa jafnréttisgrundvöll á milli hreyfihamlaðra og óhreyfihamlaðra.

Guðjón Sigurðsson formaður MND félagsins og Arnar Helgi Lárusson formaður Samtaka endurhæfðra mænuskaddaðra heimsóttu nemendur okkar í 10. bekk fyrir í nóvember og kynntu verkefnið og aðstæður hreyfihamlaðra. Verkefnið fór þannig fram að hópum var afhentur hjólastóll í einn sólarhring til þess að greina hindranir í nærumhverfinu. Hver hópur fékk svo viku til að vinna að úrslausninni og henni mátti skila á þann hátt sem hópurnir sjálfur kaus. Flestir völdu að búa til myndbönd og það gerðu einmitt okkar stúlkur. Fleiri hópar í Heiðarskóla tóku þátt þó ekki hafi allir náð að skila inn sínu verkefni fyrir tilsettan tíma. Nemendur okkar voru áhugasamir um verkefnið og bendir allt til þess að það hafi verið þeim öllum lærdómsríkt.





Lestur og bækur í hávegum hafðar



Hvæða bækur ert þú að lesa?



Lestur og bækur hafa verið í hávegum hafðar í haust. Dagana 20.-22. október voru bókaþemadagar í Heiðarskóla. Sögurnar af Lottu einkenndu verkefnavinnu nemenda í 1.-4. bekk. Gula gangi var breytt í Skarkalagötu með litríkum pappírsfígúrum og ýmsu skrauti. Þar voru einnig samin ljóð um Lottu, útbúin bókamerki og farnar voru blóferðir í Nýja bló þar sem horft var á Lottumynd, svo fátt eitt sé nefnt. Nemendur í 5.-7. bekk unnu á ýmsan hátt með bækur. Þar voru samdar sögur og leikþættir, útbúnar rafbækur og bókamerki, unnið með Herramenn og Ungfrúr og margt fleira. Nemendur á unglingastigi yfirgáfu Heiðarskóla og innrituðu sig í Hogwartsskóla Harry Potters. Eftir að þeim hafði verið skipt upp í vistir hófst metnaðarfull stigakeppni milli vistanna sem m.a. fólst í því að búa til merki vistarinnar og vistirnar sjálfar, að sýna fyrirmyndaframkomu, góða samvinnu og frágang og keppni í Quidditch leiknum æsilega í íþróttahúsinu. Það er skemmst frá því að segja að nemendur í Slitherin vistinni söfnuðu flestum stigum í keppninni og fengu að launum bikar og pizzuveislu.

Rithöfundar á vegum verkefnisins Skáld í skólum heimsóttu öll aldursstig þessa daga. Þau Kristjana Friðbjörnsdóttir og Ævar Þór Benediktsson hittu nemendur í 1.-4. bekk, Arndís Þórarinsdóttir og Gunnar Helgason nemendur í 5.-7. bekk og Steinunn Sigurðardóttir og Guðmundur Andri Thorsson nemendur í 8.-10. bekk.

Í nóvember lögðu margir bekkir af stað í lestrarsprett þar sem þeir m.a. söfnuðu laufum á tré, brosköllum eða köngulóm í köngulóarvef fyrir ákveðinn fjölda mínútna sem þeir lásu. Á unglingastigi var lestrarstundum fjölgað. Ævar Þór Benediktsson heimsótti okkur öðru sinni í haust og las þá fyrir nemendur í 1.-7. bekk úr nýútkominni bók sinni *Þín eigin goðsaga*.

Gaman er að segja frá því að stofnað hefur verið til lestrar-vináttubanda milli nemenda í 1. og 6. bekk. Hafa vinirnir hist tvisvar sinnum á þessu skólaári og átt náðugar lestrarstundir saman.

Desember er svo tími rithöfundaheimsóknna. Vilhelm Anton og Sævar Helgi kynntu nýju vísindabókina sína þann 7. desember fyrir nemendum í 1.-4. bekk og Guðni Líndal Benediktsson mun lesa upp úr bókinni sinni *Leynardólmur erfingjans* fyrir nemendur á miðstigi. Loks eigum við von á þeim Bryndísi, Arnóri og Óla Gunnari en þau ætla að kynna *Leitina að tilgangi unglingsins* fyrir nemendum á unglingastigi.

Nú þegar jólabókaflóðið stendur sem hæst er um að gera að grípa tækifærið og beina athygli barna og unglinga að nýútkomnum bókum og hvetja til lesturs.




Niðurstöður samræmdra prófa

Nemendur í 4., 7. og 10. bekk tóku samræmd próf í september. Allir árgangarnir tóku próf í íslensku og stærðfræði en 10. bekkur tók einnig próf í ensku. Nú liggja niðurstöður fyrir og á myndritinu hér fyrir neðan má sjá normaldreifðar einkunnir nemenda Heiðarskóla í samanburði við landsmeðaltal. Á heildina litið stóðu nemendur okkar sig vel. Við höfum það þó alltaf að markmiði að nemendur okkar séu í eða yfir landsmeðaltali og sjáum við því sóknarfæri í þessum niðurstöðum. Kennarar hafa þegar skoðað niðurstöðurnar vel og munu nýta þær í áframhaldandi undirbúningi og skipulagi kennslu.

Normaldreifðar einkunnir - samræmd próf 2015

Landsmeðaltal er 30



Jólagleði í desember





Menningarstundir

Í tilefni af Degi íslenskrar tungu 16. nóvember fóru fram menningarstundir á sal skólans dagana 16.-19. nóvember. Þar sýndu allar bekkjadeildir skemmtiatriði, ýmist fyrir árganginn sem er einu ári yngri eða eldri. Þar var lesið upp, leikið, frætt, sungið, dansað og spilað á hljóðfæri eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Allar menningarstundir hófust á því að nemendur sungu saman skólasönginn okkar *Skólinn á heiðinni* og í lok þeirra sungu þeir *Á íslensku má alltaf finna svar* við undirleik Guðmundar Hermannssonar.

